

AUGLÝSING

um breytingu á Skoðunarhandbók ökutækja, sbr. auglýsingu nr. 437, 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á Skoðunarhandbók ökutækja og stoðriti við hana þar sem tilgreint er hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378, 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu Skoðunarhandbókar ökutækja nr. 437, 30. júní 1998.

Breytingarnar, sem eru dagsettar 1. febrúar 2005 og bera útgáfunúmer 12, öðlast þegar gildi. Umferðarstofa annast dreifingu Skoðunarhandbókar ökutækja til skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Samgönguráðuneytinu, 21. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.